

gjaldskyldur hér, að því er umkrafin gjöld varðar, samkvæmt 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 35/1960 um lögheimili, sbr. a-lið 30. gr. laga nr. 51/1964 um tekjustofna sveitarfélaga, og að gjöld þessi hafi því réttilega verið á gerðarþola lögð hér. Þykir því verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Fimmtudaginn 28. apríl 1966.

Nr. 128/1965. **Hilmar Garðars** (Gunnar Guðmundsson hrl.)
 gegn
Sambandi íslenzkra samvinnufélaga
 (Sveinn H., Valdimarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking og frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. ágúst 1965. Gerir hann þær dómkröfur aðallega, að hinn áfrýjandi dómur og málsmeðferð í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að honum verði dæmd sýkn af kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi.

Áfrýjandi, sem ekki sótti dómþing í málinu í héraði, byggir ómerkingar- og frávísunarkröfu sína á því, að honum hafi eigi verið löglega birt héraðsdómsstefna í máli þessu, en í birtingarvottorði stefnuvotta á héraðsstefnu segir, að laugardaginn 5. júní 1965, klukkan 1336, „birtum við undirritað-

ir stefnuvottar Reykjavíkur þessa stefnu á Hilmar Garðars fyrir Margréti Jónsdóttur á heimili hennar Vesturgötu 19, hér í borg, og afhentum henni endurrit af stefnunni, sem hún lofaði að afhenda stefnda, er býr í sama húsi, en var fjarverandi“

Kveðst áfrýjandi hafa flutzt frá Vesturgötu 19 hinn 3. júní 1960 að Sólheimum 18 og þaðan að Landholtsvegi 76 hinn 5. september 1964. Aðsetursskipti hafi hann í báðum þessum tilvikum tilkynnt í lögregluvarðstofuna, en í héraðsdómsstefnu er hann skráður að Sólheimum 18.

Að kvöldi dags 14. júní 1965 segir áfrýjandi sér hafa borizt í hendur afrit héraðsdómsstefnunnar frá móður sinni, sem búi að Vesturgötu 19, en hún hafi verið utan bæjar og eigi komið heim til sín fyrr en kvöldið áður. Enginn hafi verið heima í íbúð hennar, en á efri hæð hússins búi Margrét Jónsdóttir með föður sínum og hafi hún að beiðni stefnuvotta tekið við endurriti af stefnunni, þótt hún hefði verið treg til þess og sagt stefnuvottum, að áfrýjandi byggi ekki í húsinu og hún hefði ekki tök á að koma endurriti stefnunnar til skila.

Birting héraðsdómsstefnunnar var, eins og að framan greinir, algerlega ónóg og eigi í samræmi við 1. mgr. 95. gr. og 1. og 2. mgr. 96. gr. laga nr. 85/1936, enda barst áfrýjanda endurrit stefnunnar eigi í hendur í tæka tíð, svo að hann mætti sækja þing í málinu. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Samband íslenzkra samvinnufélaga, greiði áfrýjanda, Hilmar Garðars, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. júní 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. 6. 1965, hefur Samband ísl. samvinnufélaga, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 5. 6. 1965, gegn Hilmarí Garðars, Sólheimum 18, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 7.703.37 með 8% ársvöxtum frá 10. 9. 1962 til 1. 1. 1965, en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera komna til þannig, að stefndi pantaði knastás í bifreið sína hjá véladeild S. Í. S. síðari hluta ársins 1962. Í kaupunum fylgdu einnig með undirlyftur og undirlyftustangir. Er til þess kom að afhenda skyldi nefndar vörur, hafði stefndi selt bifreið sína, en lagði svo fyrir, að vörurnar skyldu afhentar kaupanda hennar, og lofaði stefndi að standa skil á greiðslu varahlutanna.

Stefndi hefur hvorki sótt þing né sækja látið, og er honum þó löglega stefnt. Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 2.100.00.

Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Hilmar Garðars, greiði stefnanda, Sambandi ísl. samvinnufélaga, kr. 7.703.37 með 8% ársvöxtum frá 10. 9. 1962 til 1. 1. 1965, en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 2.100.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
